

Fræðslunefnd Stykkishólms, fundur nr. 90

Fræðslunefndarfundur haldinn 10. mars 2008 kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms

Mætt voru: Björn Sverrisson, formaður, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri GSS, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Elín Guðrún Pálsdóttir sem fulltrúi starfsmanna leikskólans, Sesselja Kristinsdóttir sem fulltrúi kennara, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Sævar Harðarson og Linda Rós Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

## 1. Skýrslur skólastjóra

### 1.1. Sigrún leikskólastjóri flutti skýrslu um starf leikskólans.

-foreldraviðtöl fara fram í lok mars.

-Undanfarið hafa starfsmenn leikskólans unnið mikið að undirbúningi fyrir námsferð þeirra til Svíþjóðar 23. -27. apríl næstkomandi. Þær munu kynna sér starfsemi fimm ólíkra leikskóla í Svíþjóð.

-Opinn dagur verður 18. apríl, hann verður nánar auglýstur síðar.

-Sálfræðingur og talmeinafræðingur hafa komið í leikskólann en talmeinafræðingurinn forfallaðist síðast og mun vera frá eitthvað áfram.

-Skiptinemaprógrammið hefur verið í gangi undanfarið.

-Þessa daga fer fram undirbúningur fyrir vor- og sumarstarf auk þess sem verið er að undirbúa aðlögun nýrra barna á leikskólann.

Formaður þakkaði Sigrúnu fyrir skýrsluna og bauð upp á fyrirspurnir um skýrsluna til Sigrúnar.

Fyrirspurn kom um hversu oft á ári börn eru tekin inn til aðlögunar. Sigrún segir það vera tvisvar sinnum á ári, að vori og fram á haustið en þá er yfirleitt orðið fullt á leikskólanum. Stundum eru börn tekin inn um áramót ef laust er. Mikilvægt er að gæta að barngildum á hvern starfsmann.

Fyrirspurn kom um hvort skipulagið í starfi leikskólans hverju sinni hafi áhrif á barngildin. Sigrún sagði svo ekki vera.

### 1.2. Gunnar skólastjóri flutti skýrslu um starf grunnskólans.

-Vikan 3.-7. mars var með óhefðbundnu sniði hjá 1.-4. bekk. Kennarar voru að hluta fjarverandi í tengslum við Comeníusarverkefni GSS og var starfið brotið upp til að börnin myndu sem minnst fyrir því. Boðið var upp á fleiri hreyfingartíma, föndur, skák og fleira og tókst þetta afar vel.

-Þemadagar fóru fram í sömu viku hjá 5.-7. bekk og tókust mjög vel.

-Tehúsið eftir Eyþór Benediktsson og Lárus Pétursson verður sýnt í þessari viku.

Mikil vinna er lögð í sýninguna sem er samvinna Grunnskólans og Tónlistarskólans.

-Gunnar og kennarar eru nýkomnir heim frá Finnlandi en sú ferð var vegna Comeníusaverkefnisins. Sesselja sagði frá ferðinni og verkefnum innan Comeníusarverkefnisins.

-Nemendaferðir. 7. bekkur fór til Dalvíkur á skíði og 8. bekkur fór að Laugum á skóladaga.

-Annað. Gunnar sagði frá því að starfsmannaviðtöl gangi mjög vel og að búið sé að ljúka við umsjónarkennarateymið.

Formaður þakkaði Gunnari fyrir skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn var borin upp um umsóknir til fyrirtækja í bænum um styrki vegna leikritsins, sömuleiðis fannst fyrirspyrjanda ósmekklegt að börnin væru fengin til að hringja út í fyrirtækin sjálf. Gunnar sagði að skipuleggjendur hafi ákveðið að framkvæma þetta með þessum hætti, eins og gert hefði verið undanfarin ár. Þetta á að vera verkefni barnanna og þau lærðu mikið á því að hringja sjálf. Ef almenn óánægja væri með það yrði þetta að sjálfsögðu endurskoðað.

Fyrirspurn kom um hvort leiksýningin ætti ekki að vera inni í kostnaðaráætlun vegna námsins. Gunnar sagði að alltaf mætti íhuga hvort þetta væri komið of langt. Þetta er gríðarlega kostnaðarsamt en skilar að sama skapi miklu til barnanna. Eins var rætt um að þetta skaraðist ekki of mikið við starfsemi Grímnis sem þyrfti að leita til sömu aðila með styrki. Gunnar sagði að leikverkinu hefði einmitt verið frestað þar til eftir áramót, vegna samstarfs við leikfélagið Grímní, sem einmitt var með sýningar á hausdögum.

Fyrirspurn kom um hvernig börnum með stuðning hafi reitt af í síðustu viku. Gunnar sagði að það hafi gengið vel, en auðvitað verða nemendur alltaf fyrir ákveðinni truflun þegar að skólastarfið er brotið upp með slíkum hætti. Sesselja nefndi einnig að stuðningsfulltrúar barnanna gættu vel að því að þetta yrði ekki of mikið fyrir börnin.

## 2. Sumarlokun leikskólans

Sigrún óskaði eftir umræðu um hvað nefndarmönnum þætti um lokun leikskólans, bæði út frá faglegum sjónarmiðum og kostnaði.

-Starfsmenn leikskólans mæla með lokun í 4 vikur. Það lágmarki tímunn þar sem ekkert sé í gangi. Það auðveldi skipulagningu og hægt sé að byrja starfið af fullum krafti 1. september.

-Hún skilur vel þau sjónarmið að ekki henti öllum að fara í frí á sama tíma. Þarna verði mikil togstreita milli þjónustuhlutverks og skólastarfs leikskólans.

-Það kostar meira að ráða sumarafleysingamanneskjur en að loka. Guðmundur hafi reiknað lágmarkskostnað við að ráða í tvær 100% stöður í þrjá mánuði og sá kostnaður sé 1.150.000,-

-Hugmynd hafi komið upp innan leiksólans um að loka alveg í 4 vikur en bjóða foreldrum upp á að velja tvær vikur fyrir framan eða tvær vikur fyrir aftan til viðbótar við þessar fjórar sem loka á og þá þurfi ekki að borga fyrir þær auka vikur vilji þeir taka meira frí fyrir börnin.

-16 starfsmenn eiga rétt á sex vikna sumarfríi, eftir fjögurra vikna lokun eiga þeir því allir eftir tvær vikur til viðbótar.

Mikil umræða spannst. Formaður benti á þessa tvo þætti sem stangast á, þjónustuna og skólastarfið. Sumum þótti þjónustan eiga að veða þyngra en skólastarfið.

Fyrirspurn kom um hvort formlegu starfi lyki ekki í lok maí. Formlegu vetrarstarfi lýkur í maí, þá byrjar sumarstarf þar sem meiri áhersla er lögð á gönguferðir, útivist og leiki. Þá byrjum við á aðlögun nýrra barna.

Fyrirspurn kom um hvort elstu börnin hættu ekki að vori. Sigrún sagði það vera breytt, nú hættu þau flest þegar sumarfríð byrjaði.

Fyrirspurn kom um gæsluvöllinn og mönnun þar. Sigrún sagði að illa hafi gengið að manna þær stöður og að völlum hafi verið illa nýttur.

Fyrirspurn kom um hvort algengt væri að börn væru í fríi utan sumarlokunar. Sigrún svaraði því neitandi.

Fyrirspurn kom um hvort þyrfti að ráða sumarstarfsmenn ef sumarlokun yrði fjórar vikur. Sigrún svaraði því neitandi.

Fyrirspurn kom um hvort það væri í reglugerðum að börn ættu að taka ákveðið löng sumarfrí. Sigrún hefur aldrei séð það í lögum en hafi hins vegar oft heyrt að það séu óskrifðar reglur að börn þurfi að fá frí frá leikskólastarfi. Í skólastefnu F.L. kemur fram að öll börn eigi rétt á 4. vikna samfelldu sumarfríi.

Sigrún lagði til að gerð yrði könnun um vilja foreldra varðandi sumarlokunina. Það er of seint fyrir sumarið 2008. Rætt var að það yrði að gerast fyrir áramót, niðurstaðan ætti að sýna vilja foreldra og lægi fyrir um áramót.

Formaður taldi æskilegast að fyrirkomulag sumarlokana væri fastmótað í skólastefnu bæjarins og kæmi fram í foreldrahandbók Leikskólans. Ekki ætti að þurfa að fara í gegnum þessa umræðu árlega. Umræðan um framtíðarfyrirkomulag og könnun meðal foreldra yrði að klárast síðar. Hann lagði fram þá tillögu að leikskólinn yrði lokaður í 4 vikur sumarið 2008. Einnig að athuga ætti vel starfssemi gæsluvallar í sumar. Það var samþykkt með meirihluta atkvæða.

### 3. Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum

Formaður las yfir kynningu bæklinga sem umhverfisstofnum hefur á vef sínum. Norræna ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að Norðurlöndin verði fyrirmyndarstaður fyrir börn. Því þarf að grípa til þverfaglegra aðgerða með hagsmuni barna að leiðarljósi. Gefin hafa verið út 10 norræn boðorð sem hafa skal sem viðmið fyrir leikskóla. Þar á meðal er getið um nálægð við umferðaræðar en leikskóli skal ekki vera minna en 200 metra frá umferðargötu vegna svifryksmengunar. Björn spurði Sigrúnu leikskólastjóra hvort þetta væri vandamál í leikskólanum hér vegna nálægðar við þjóðveginn. Hún sagði að starfsfólk leikskólans hafi ekki orðið vart við það. Umræða spannst um hvort umferðin væri nægilega mikil, ekki var skilgreint í bæklingnum hver viðmiðin væru.

### 4. Erindi Hrefnu Frímannsdóttur og Ingveldar Eypórsdóttur frá því á fundi fræðslunefndar þann 27. nóvember 2007

Rætt var hvort tillagan hafi verið samþykkt og hvort henni hafi verið fylgt eftir. Formaður taldi svo vera og að henni hafi verið hrint í framkvæmt strax. Formaður óskaði eftir því að Hrefna og Ingveldur gerðu grein fyrir tillögunni. Var hún síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

Bókun formanns:

Með vísan í 88. fundargerð fræðslunefndar sem staðfest hefur verið í bæjarráði og bæjarstjórn, þá hefur erindi þeirra Ingveldar E. Eyþórsdóttur og Hrefnu Frímansdóttur verið tekið til umfjöllunar í nefndinni og ábendingunni hrint í framkvæmd.

Fundarritari las upp fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:55.